

Samstarf sprotafyrirtækja í Sjávarklasnum

Maí 2022



Einn mikilvægasti mælikvarði árangurs nýsköpunarhúsa á borð við Hús sjávarklasans er umfang og gæði samstarfs á milli sprotanna. Í slíku samstarfi verða til nýjar hugmyndir og þekking sem reynst geta ómetanleg fyrir nýsköpunarfyrirtæki og greitt leið fyrir frekari vöxt. Tilgangur frumkvöðlasetra og nýsköpunarhúsa er einmitt að stuðla að samstarfi og byggja traust. Þess vegna er mikilvægt fyrir slíkt setur að skoða reglulega hvernig þróunin er í þeim efnunum.

Samkvæmt nýrri könnun Sjávarklasans hefur samstarf fyrirtækja haldist nokkuð stöðugt þrátt fyrir ýmsar takmarkanir í tengslum við COVID19. Rösklega 70% fyrirtækjanna hafa átt í samstarfi við eitt eða fleiri fyrirtæki í Húsi sjávarklasans.

Í flestum tilfellum er um að ræða einföld samskipti þar sem ekki hefur komið til umræðu eða framkvæmdar einhvers konar samruni fyrirtækja. Nokkur fjölbreytni er í þeim samskiptum sem orðið hafa til og skipta má þeim upp í nokkra flokka:

Samstarf tæknifyrirtækja

Þau tæknifyrirtæki sem starfa í Húsi sjávarklasans hafa fundið ýmsa fleti á samstarfi við önnur tæknifyrirtæki í húsinu. Samstarf hefur myndast í tengslum við vörusýningar, fyrirtækin hafa einnig skipst á tengla-upplýsingum utan Íslands og þá hafa nokkur þeirra unnið að sameiginlegum tæknilausnum. Skemmtileg dæmi eru einnig um samstarf þar sem frumkvöðlar hafa getað leitað til stærri fyrirtækja sem hafa aðstöðu í húsinu. Eins og einn frumkvöðull orðaði það:

“Við höfum átt jákvæð samskipti við Sæplast. Þau tóku fund með okkur, svöruðu spurningum okkar og tóku á móti okkur í verksmiðjunni þeirra á Dalvík.”

Nokkur fækkun hefur orðið á fjölda tækni-fyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi í húsinu á undanförunum misserum. Þessi fyrirtæki voru um 10 talsins en eru núna 8. Ástæða fækkunar er stækkun fyrirtækjanna sem þýðir að þau hafa þurft á stærra húsnæði að halda. Af þessum 8 tækni-fyrirtækjum er lang mest samstarf innan hússins hjá þeim sem eru með nokkuð reglulega viðveru en í nokkrum tilfellum eru fyrirtæki með aukaastöðu í húsinu og þau fyrirtæki hafa síður tengst frumkvöðlum beint. Þó eru dæmi um annað. Eins og einn frumkvöðull orðaði það:

“Ég rakst á teymi frá Marel, sem var að fá sér kaffi hjá okkur og náði ég strax að tengjast nokkrum sem hefur reynst mér gagnlegt.”

Stoðþjónusta

Einstaklingar með ýmsa þjónustusprotu hafa reynst afar dýrmætir fyrir aðra sprota. Þar má meðal annars nefna lítil fyrirtæki í einkaleyfamálum, hönnun og ráðgjöf.

Sprotafyrirtæki Indigo IP sem sérhæfir sig í einkaleyfum hefur til að mynda reynst afar verðmætt fyrir sprotana. Einn frumkvöðull sagði:

“Við höfum átt frábært samstarf við Láru hjá Indigo IP sem reyndist okkur mjög vel”.

Annað magnað stoðþjónustufyrirtæki, sem hefur reynst öflugt í að auka samstarf er Evris sem sinnt hefur fjölmörgum sprotum í leit að Evrópustyrkjum. Loks má nefna fjölmiðlatengla, sem hafa aðstöðu í húsinu og hafa reynst hjálplegir við sprotana.

Hönnuðir hafa um árabil haft aðstöðu í Húsi sjávarklasans. Þessi fyrirtæki hafa reynst afar verðmæt fyrir sprotana. Nýverið fluttu í Hús sjávarklasans arkitektar sem hanna bæði fyrir eldisfyrirtæki og hafnarsvæði. Fróðlegt verður að fylgjast með hvernig sprotaumhverfinu tekst að tengjast þessum skapandi fyrirtækjum.

Heilsubótaefni og matvæli

Minna hefur verið um samstarf á milli matarfrumkvöðla í Húsi sjávarklasans en samkvæmt síðustu könnun. Matarfrumkvöðlum hefur fækkað og engin ein skýring er á því. Mörg þessara verkefna hafa ekki náð fótfestu eða vaxið að ráði og því hefur fyrirtækjunum reynst erfitt að brúa leigukostnað í húsinu þótt leiguverði í frumkvöðlasetrum sé stillt mjög í hóf. Klasinn gerði reyndar samning við Sjávarútvegsráðuneytið árið 2016 um að liðsinna matarfrumkvöðlum varðandi leiguna en sá samningur varði einungis í röskt ár en þá ákvað ráðuneytið að taka slík verkefni nær sér. Árangur þess var lítill sem enginn. Líklegt er að Eldstæðið í Kópavogi, sem er eins konar klasi matarfrumkvöðla með frábærri aðstöðu til framleiðslu hafi dregið úr aðsókn matarfrumkvöðla í Hús sjávarklasans. En Eldstæðið var um leið gríðarleg framför þar sem boðið er upp á frábæra vinnsluástöðu sem ekki hefur verið í boði í Sjávarklasnum. Við segjum bara húrta fyrir þessum metnaði Eldstæðisins og þökkum stórbætta aðstöðu fyrir matarfrumkvöðla.

Heilsubótaefnum hefur einnig fækkað en ástæða þess var að þau fyrirtæki, sem voru með aðstöðu, þurftu stærra húsnæði. Eitt nýtt fyrirtæki bættist við á því sviði á árinu og annað er á leiðinni síðar á þessu ári.

Samstarf um ný fyrirtæki

Nokkur dæmi eru um samstarf frumkvöðla til að koma af stað nýjum fyrirtækjum. Þetta á m.a. við um þörunga og matvæli. Þessi dæmi voru ekki mörg árið 2021 en eru þó hvatning fyrir klasann að reyna að ýta enn frekar undir slíkt.

Velta

Um leið og spurt var um samstarf var einnig spurt um vöxt fyrirtækjanna. 20 sprotar gátu svarað spurningunni og þar af voru 4 sem hafa ekki enn hafið sölu. Önnur höfðu hafið sölu og að meðaltali var vöxtur þeirra á bilinu 4-15% á árinu 2021. Það er töluvert lægra en vöxtur sprota í klasnum árin 2012-2017. Að sögn viðmælenda var árið 2021 töluverð áskorun fyrir marga sprota þar sem markaðir .

Færri dæmi eru um gríðarlega hraðan vöxt í veltu og starfsmannafjölda frumkvöðla-fyrirtækjanna miðað við það sem var eftir fyrstu ár klasans þegar einmenningsfyrirtæki höfðu vaxið um hundruðir prósentu á skömmum tíma og starfsmannafjöldi jafnframt.



Byggja traust

Mikilvægasta hlutverk klasahúss eins og Húss sjávarklasans er að efla samskipti og byggja brýr á milli fólks. Þessi vinna tekur aldrei enda. Regluleg skoðun eins og þessi á árangri og því sem betur má fara er því afar mikilvæg. Niðurstöðurnar eru um margt jákvæðar en klasinn mun nota þær í stefnumótun fyrir starfseminu og skoða hvað megi gera til að efla enn frekar samstarf. Það er þó ekkert launungarmál að veigamesta breytan er fólkið sjálft og sá áhugi sem það sýnir á að eiga samskipti við aðra frumkvöðla. Hlutverk Húss sjávarklasans er að ýta undir slíkt samstarf og laða þannig fram enn kraftmeiri nýsköpun í bláa hagkerfinu.

Þór Sigfússon